

## ÚRSKURÐUR

### Áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 8/1996

Miðlun ehf.

gegn

samkeppnisráði

### I.

Með ódagsettu bréfi, er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 5. júní 1996, kærði Ólafur Garðarsson, hrl. fyrir hönd Miðlunar ehf. kært ákvörðun samkeppnisráðs nr. 16/1996, dags. 8. maí 1996. Í ákvörðuninni segir að samkeppnisráð telji að áfrýjandi hafi, með viðskiptaháttum sínum við kynningu og sölu á fyrirhugaðri útgáfu á ritinu „Dear Visitor“, brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Áfrýjandi krefst þess að áfrýjunarnefndin felli framangreinda ákvörðun samkeppnisráðs úr gildi að því er varðar brot gegn 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Samkeppnisráð krefst þess að umrædd ákvörðun verði staðfest.

Upphaflegur kærandi máls þessa, Líf og saga ehf., hefur einnig mætt í málinu og gert sömu kröfur og samkeppnisráð.

## II.

Málavextir eru þeir að síðastliðinn fjögur ár hefur Líf og saga ehf. gefið út bækur undir nafninu „Gestur“. Bækurnar eru ætlaðar erlendum ferðamönnum og liggja frammi á gistiherbergjum hér á landi og er einnig dreift erlendis. Ritstjóri „Gests“ síðastliðin tvö ár var Helgi Steingrímsson. Helgi hætti því starfi að eigin ósk um mánaðamótin nóvember/desember 1995 og hóf að starfa með áfrýjanda að útgáfu bókar undir heitinu „Dear Visitor“. Þeirri bók er einnig ætlað að liggja frammi á gistiherbergjum og öðrum stöðum þar sem erlendra ferðamanna er von.

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 29. janúar 1996, kvartaði Sigmundur Hannesson, hrl., fyrir hönd bókaforlagsins Lífs og sögu ehf., yfir fyrirhugaðri útgáfu áfrýjanda á ritinu „Dear Visitor“.

Erindi lögmanns Lífs og sögu ehf. var sent áfrýjanda til umsagnar. Umsögnin barst með bréfi frá lögmanni áfrýjanda dags. 16. febrúar 1996.

Lögmanni áfrýjanda var gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við bréf lögmanns Lífs og sögu ehf., sem hann gerði með bréfi dags. 7. mars 1996.

Loks var svar lögmanns Lífs og sögu ehf. sent til lögmanns áfrýjanda til umsagnar. Svar lögmannsins barst með bréfi dags. 22. mars s.á.

Með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 16/1996, dags. 8. maí 1996, var erindi Sigmundar Hannessonar, hrl. fyrir hönd Lífs og sögu ehf. afgreitt. Í ákvörðunarorðum segir:

„Samkeppnisráð telur að Miðlun ehf., Ægisgötu 7, Reykjavík, hafi með viðskiptaháttum sínum við kynningu og sölu á fyrirhugaðri útgáfu *Dear Visitor* brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Miðlun ber að gæta þess vandlega í viðskiptum sínum að skýrt komi fram að Helgi Steingrímsson standi ekki lengur að ritinu *Gesti*.“

### III.

Áfrýjandi kærir eingöngu þá ákvörðun samkeppnisráðs að hann hafi brotið gegn góðum viðskiptaháttum sbr. 20. gr. samkeppnislaga.

Að mati áfrýjanda byggir samkeppnisráð ákvörðun sína einkum á þrem yfirlýsingum sem Líf og saga ehf. lagði fram við meðferð málsins hjá ráðinu. Í yfirlýsingum þessum er lýst samskiptum Helga Steingrímssonar, starfsmanns áfrýjanda, og þeirra manna er yfirlýsingarnar gefa. Áfrýjandi telur að forsvarsmenn Lífs og sögu ehf. hafi samið tvær af yfirlýsingunum og það dragi úr trúverðugleika þeirra. Áfrýjandi bendir á að í yfirlýsingunum sé því lýst hvernig viðkomandi aðilar skildu starfsmann áfrýjanda. Skilningur eða misskilningur tveggja viðskiptavina af tugum eða hundruðum getur að mati áfrýjanda ekki verið grundvöllur ákvörðunar um að áfrýjandi villi fyrir væntanlegum viðskiptavinum.

Þá bendir áfrýjandi á að hann hafi lagt fram yfirlýsingar aðila sem staðfesta að við kynningu á bókinni hafi Helgi Steingrímsson á engan hátt reynt að villa á sér heimildir.

Áfrýjandi vekur athygli á því að fyrirtækið hafi sent frá sér tvær fréttatilkynningar vegna fyrirhugaðrar útgáfu í janúar 1996. Þar sé skýrt tekið fram að áfrýjandi, Miðlun ehf., muni gefa bókina út og Helgi Steingrímsson sem hafi ritstýrt bókunum „Gesti“, er titlaður ritstjóri. Einnig komi nafn nýju bókarinnar „Dear Visitor“ skýrt fram. Tilkynningar þessar hafi verið birtar a.m.k. þrisvar í fjölmiðlum. Þá bendir áfrýjandi á að sent hafi verið dreifibréf til ákveðins markhóps þar sem fram komi svipaðar upplýsingar og í fréttatilkynningunum. Loks vekur áfrýjandi athygli á því að þátttökuseðill sem kaupendur auglýsinga eða kostunar rituðu nöfn sín á beri greinilega með sér að með þeim sé gerður samningur við áfrýjanda.

Áfrýjandi kveðst ekki hafa getað hagnast á ruglingi eða því að villa um fyrir væntanlegum viðskiptavinum og að engin „brotavilji“ sé því fyrir hendi.

Af hálfu samkeppnisráðs voru þau sjónarmið frekar reifuð sem fram koma í forsendum hinnar áfrýjuðu ákvörðunar.

Líf og saga ehf. hefur einnig komið að sínum sjónarmiðum sem falla í aðalatriðum saman við sjónarmið samkeppnisráðs.

## IV.

### Niðurstöður.

Mál þetta snýst um hvort sannað sé að áfrýjandi, einkahlutafélagið Miðlun, hafi með háttsemi sinni brotið gegn góðum viðskiptaháttum með því að veita villandi upplýsingar við markaðssetningu bókarinnar „Dear Visitor“, í desember 1995 og fyrri hluta ársins 1996, sbr. 20. gr. samkeppnislaga. Bókin hefur einkum að geyma efni sem varðar landkynningu svo og auglýsingar.

Ákvörðun samkeppnisráðs er á því byggð að ritstjóri „Dear Visitor“ sem áfrýjandi gefur út, hafi áður verið ritstjóri sambærilegrar bókar „Gests“ sem fyrirtækið Líf og saga ehf. gaf út. Hafi kynningu og sölu fyrirhugaðrar bókar „Dear Visitor“ verið hagað með þeim hætti að unnt var að villast á henni og á fyrrgreindu riti „Gesti“ og útgefanda þess.

Samkeppnisráð styður niðurstöðu sína að öðru leyti við eftirfarandi:

Þrjár skriflegar yfirlýsingar frá viðskiptavinum, sem liggja frammi í málinu og ekki var mótmælt sérstaklega við málsmeðferðina hjá samkeppnisráði. Í yfirlýsingunum kemur fram efnislega að viðsemjendur töldu sig a.m.k. í byrjun vera að skipta við fyrirtækið Líf og sögu ehf., og

samkomulag, dags. 8. desember 1995, milli áfrýjanda og fyrirsvarsmanna ýmissa hótela og gistiheimila þar sem þess er m.a. getið í texta að tiltekin hótél hafi ekki verið með í dreifingu árið 1995. Áfrýjandi hafði ekki gefið út bókina „Dear Visitor“ fyrir árið 1995. Hins vegar hafði Líf og saga ehf. gefið út ritið „Gest“ fyrir það ár.

Nokkur skjöl voru lögð fram við málsmeðferð hjá áfrýjunarnefndinni. Þau raska ekki þeim grundvelli sem málið hefur verið rekið á.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála lítur svo á að það skipti meginmáli að ritstjóri „Dear Visitor“ hafði í tvö ár þar á undan starfað sem ritstjóri hjá öðru fyrirtæki sem gaf út sambærilegra bók undir heitinu „Gestur“. Þessi bók var seld á sama markaði og bókin „Dear Visitor“. Afskipti ritstjórans af hinu nýja riti hófust strax eða fljótlega eftir að hann hætti störfum hjá fyrirtækinu Lífi og sögu ehf.

Við þessar aðstæður bar áfrýjandi ábyrgð á því að ritstjórinn vekti sérstaklega athygli á því í viðskiptum sínum að hann kæmi fram fyrir áfrýjanda og að hann stæði ekki lengur að ritinu „Gesti“. Af þessum sökum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hinnar áfrýjuðu ákvörðunar ber að staðfesta hana.

V.

### Úrskurðarorð.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 16/1996 frá 8. maí 1996 er staðfest.

Reykjavík, 5. júlí 1996.

Stefán Már Stefánsson

Inga Jóna Þórðardóttir

Þórunn Guðmundsdóttir

Rétt endurrit staðfestir,

8/7 1996

*Abdu Valdimarsson*